

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1965  
komudagur 2.5.2006



VEÐURSTOFA  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — allsherjarnefnd  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Dogs. 27. apríl 2006  
Tilv. 012/6881/MJ/KG

Efni: Umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð, 744 .mál

Veðurstofa Íslands styður í meginatriðum efni frumvarpsins, þ.e. að útvíkka hlutverk Vísinda- og tækniráðs og láta það ná til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Hins vegar vill Veðurstofan vekja athygli á eftirfarandi:

I Á síðustu þremur árum hefur nýtt fyrirkomulag stefnumótunar vísindarannsókna og tækniþróunar verið að festast í sessi sem arftaki Rannsóknaráðs Íslands/Rannís. Slíkar breytingar taka ávallt nokkurn tíma og m.a. þarf að kynna þær vel fyrir öllu samfélaginu. Veðurstofan telur að ný skipan þessara mála hafi reynst vel, þó enn vanti nokkuð á að samfélagið hafi áttað sig að öllu leyti á og lagað sig að þeirri miklu kerfisbreytingu sem gerð var með lögum nr. 2/2003. Þess vegna telur stofnunin orka tvímælis að breyta nafni Vísinda- og tækniráðs nú eftir aðeins þrjú ár. Slíkt myndi áreiðanlega valda ruglingi og veikja stöðu ráðsins. Hlutverkinu er m.ö.o. hægt að breyta án þess að breyta nafni Vísinda- og tækniráðs.

II Varðandi fjölgun tilkvaddra ráðherra í ráðinu um tvo, telur Veðurstofan, að fremur ætti að gera ráð fyrir að umhverfisráðherra ætti sem fimmti ráðherrann að eiga fasta setu í ráðinu og að forsætisráðherra gæti hvatt allt að þrjá ráðherra til tilfallandi setu í því. Rökin fyrir þessu eru einkum þau, að umhverfismál ganga þvert á flesta þætti samfélagsins og skipa síhækkandi sess meðal þjóðarinnar og raunar heimsins alls. Þá er líklegt að flestar atvinnugreinar hér á landi, m.a. sjávarútvegur, landbúnaður, ferðaþjónusta o.fl. verði í auknum mæli stundaðar á forsendum stefnu þjóðarinnar í umhverfismálum. Loks má benda á að í Finnlandi, sem að mörgu leyti er fyrirmynd okkar í þessum málum, á umhverfisráðherra fasta setu í ráðinu. Því telur Veðurstofan rökrétt, að sama gildi um setu hans í Vísinda- og tækniráði Íslands.

Virðingarfyllt

  
Magnús Jónsson  
veðurstofustjóri

BÚSTAÐAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK  
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001  
NETFANG office@vedur.is